

Helstu niðurstöður nemendakönnunar í 6.-7. bekk

Könnunin er liður í sjálfsmati skólans. Hún var lögð fyrir með vefkerfinu Skólapúlsinn og er ætlað að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í skólanum um virkni þeirra í skólanum, líðan og skóla- og bekkjaranda. Könnunin var lögð fyrir í október. Hér eru eingöngu dregnar fram þær niðurstöður sem víkja frá meðaltali á landsvísu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst tölverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Það sem vel er gert að mati nemenda í 6.-7. bekk og könnunin sýnir að er fyrir ofan landsmeðaltal:

- *Áhugi á stærðfræði* fær einkunina 6,0 en landsmeðaltal er 5,3
- *Ánægja af lestri* fær einkunina 5,4 þegar landsmeðaltal er 5,1
- *Ánægja af náttúrufraði* fær einkunina 5,6 en landsmeðaltal er 5,2
- *Trú á eigin námsgetu* fær einkunnina 5,5 en landsmeðaltal er 5,1
- *Hollt matarræði* fær einkunina 5,7 en landsmeðaltal er 5,0
- *Agi í tímum* mælist 6,0 hér við skólann en landsmeðaltal er 5,2
- *Mikilvægi heimavinnu í námi* fær einkunnina 5,8 en landsmeðaltal er 5,2
- *Hlutfall hreyfingar* meðal nemenda í 6.-7. bekk er 82% en 71% á landsvísu

Það sem betur má fara og niðurstöður nemendakönnunar sýna undir landsmeðaltali.

- Pátturinn *Trú á eigin vinnubrögð í námi* fær einkunina 4,8 en landsmeðaltal er 5,3
- Pátturinn *Stjórn á eigin lífi* fær einkunina 4,4 þegar landsmeðaltal er 5,0
- Liðurinn *Einelti* fær einkuninna 6,1 í skólanum en er með landsmeðaltalið 5,1
- *Samsömun við nemendahópinn* er undir landsmeðaltali hjá okkur, fær einkunina 4,5 en landsmeðaltal er 5,1
- Liðurinn *Samband nemenda við kennara* mælist með einkuninna 4,8 en landsmeðaltal er 5,2
- Liðurinn *Virk þátttaka nemenda í tímum* fær einkunina 5,0 en landsmeðaltalið er 5,3.

Þeir þættir könnunarinnar sem komu út svo til á pari við landsmeðaltal voru þættir eins og *Prautseigja í námi, sjálfsálit og vellíðan*.